

Mánudaginn 1. apríl 1935.

Nr. 193/1934. Eigendur línuveiðarans Ölver
gegn

miðstjórn Albýðusambands Íslands og
Verkamálaráði Íslands.

Frávisun.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í hæstarétti 29. marz þ. á., var mætt í því af hálfu áfrýjenda, lögð fram hæstaréttarstefna útgefin 21 dez. f. á., og dóms krafizt samkvæmt kröfum þeim, er greindar eru í stefnunni, en þar sem stefnan bar það eigi með sér, að hún hafi verið birt fyrir hinum stefndu, er eigi hafa mætt eða látið mæta hér í réttinum, verður ex officio að vísa málinu frá réttinum.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti. Málskostnaður fellur niður.
